

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

FIMMTUDAGINN 10. JAN. 2019. VAR HALDINN 2. FUNDUR SKIPULAGS-BYGGINGAR-UMHVERFIS OG SAMGÖNGUNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KL 17.00 KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Mættir eru: Samúel Kristjánsson, Hulda Gunnarsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Jóhann Birkir Helgason, skipulagsfulltrúi og Gunnar Páll Eydal og Pétur G. Markan, sveitarstjóri.

Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð.

Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.

### Dagskrá:

1. Heildarendurskoðun aðalskipulags – stöðukynning. Gunnar Páll Eydal kynnir.
2. Mál frá skipulags og byggingarfulltrúa.
  - a) Deiliskipulag í Hattardal.
  - b) Skipulagslýsing vegna kalkpörungaverksmiðju.
  - c) Breyting á gildandi skipulagi og nýtt skipulagi inn af Langeyri, v/ kalkpörungaverksmiðju.
  - d) Þjóðskrá Íslands – landupplýsingar sveitarfélaga.
  - e) Frá Vegerðinni. Framkvæmdir vegna umferðaröryggismála.
3. Endurhönnun skólalóðarinnar og útivistareits sunnan við leikskólalóð.
4. Þorpsgirðing í Súðavík v/ lausafé innan þorps.
5. Viðhald á götum sumarbyggðarinnar.
6. Viðhald á Súðavíkurskóla
7. Gerð húsnæðisáætlunar Súðavíkurrepps.
8. Möguleg sameining hafnarsjóða – viðræður við Ísafjarðarbæ.
9. Útbreiðsla lúpínu í og í kringum Súðavík.
10. Geymslusvæðið.
11. Þarfagreining og viðhorfskönnun íbúa vegna sorptöku.
12. Önnur mál.

1. Gunnar Páll Eydal kynnir umsagnir og viðbrögð vegna aðalskiplagslýsingar, drög voru kynnt á íbúafundi í nóvember 2018 og send í kjölfarið út til umsagnar stofnanna.

Gunnar fer yfir umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Heilbrigðiseftirlitið nefnir sérstaklega fyrirhugaða verksmiðju inn af Langeyri og hefur áhyggjur af mögulegri ryk og hljóðmengun.

Gunnar Páll kynnir að stærð verksmiðjuhússins er fyrirhuguð 9000 fm en í drögum að aðalskipulagi var gert ráð fyrir 3500 fm. Ekki er gerð breyting á vinnslumagni.

Gunnar Páll kynnir fyrirhugaðar virkjanakosti í sveitarfélaginu. Nefnin bókar eftirfarandi: Gert er ráð fyrir áframhaldandi undirbúningi

Hvanneyrardalsvirkjunar. Settir verði inn vegir og efnistökusvæði þannig hægt verði að halda áfram rannsóknum á virkjunarsvæðinu.

Gunnar kynnir hugmyndir Björns Oddssonar í Folafæti. Nefnin tekur vel í fyrirhugaða uppbyggingu á Folafæti og samþykkir að gert verði ráð fyrir slóða að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

2. Skipulags og byggingarfulltrúi fer yfir eftirfarandi mál:
  - a) Deiliskipulag vegna Hattardalvirkjunar lagt fram. Nefndin samþykkir framlagt deiliskipulag og leggur til við sveitarstjórn er skipulagið verði auglýst.
  - b) Skiplagslýsing vegna kalkpörungaverksmiðju, inna af Langeyri. Nefndin samþykkir breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðar og atvinnusvæði á Langeyri og þannig að lið I1 og geymslusvæði falli út. Jafnframt leggur til að fari verði í deiliskipulag fyrir kalkpörungaverksmiðju fyrir fyrirhugaða kalkpörungaverksmiðju og þar komi lóð i1 og geymslusvæði inn. Samþykkt samhljóða.
  - c) Nýtt skipulag inn af Langeyri, v/ kalkpörungaverksmiðju. Nefndin samþykkir framlagða skipulagslýsingu og leggur til að framlögð skipulagslýsing skipulagsfulltrúa verði sett í auglýsingu og kynningu.
  - d) Skipulags og byggingarfulltrúi kynnir málið sem er afgreitt.
  - e) Nefndin samþykkir að loka aflíðandi tengingu bílplans Álftavers við stofnbraut, Þjóðveg 61. Lokunin er liður í aðgerðum Vegagerðinnar til að auka umferðaöryggi í Súðavík og draga úr umferðarhraða. Vegagerðinn hyggst klára hönnun við umferðamannvirki á stofnbrautinni, mót Súðavíkurkirkju þar sem gangbraut verður og síðan verður lagður göngustígur í framhaldi af göngubrautinni að Grundarstræti. Ekki verður að framkvæmdum Vegagerðinnar ef tengingunni verður ekki lokað.
3. Umræða um endurhönnun skólaóðar Súðavíkurskóla. Ákveðið að skipa fimm manna verkefnahóp í kringum verkefnið. Fulltrúar skólans, foreldra, nemenda, skipulags og byggingarfulltrúi og formaður fræðslu og menningarnefndar verða í hópnum.

Ákveðið að fela sveitarstjóra að leita verðtilboða vegna hönnunar á skólalóðinni og leggja fyrir nefndina á næsta fundi.

4. Stutt samantekt af fundi sveitarstjóra og formanni skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar, Samúels Kristjánssonar, með fulltrúum Vegagerðarinnar.

Sveitarstjóri og formaður skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar Súðavíkurhrepps áttu fund með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 7. jan. Fundurinn var skipulagður eftir umræður á síðasta sveitarstjórnarfundi. Þar óskuðu fulltrúar sveitarfélagsins eftir formlegu svari Vegagerðarinnar vegna lagningu girðingar og göngustígar að Dvergasteini í veghelgun vegarins.

Fulltrúar Vegagerðarinnar voru afdráttalausir varðandi færslu til baka á grindarhliði, og höfnuðu þeirri hugmynd. Umræðu um nýtt grindarhlið við þorpsmörkin, án þess hreyfa við hliðinu hjá Dvergasteini var ekki hafnað, en fulltrúar Vegagerðarinnar tilkynntu að ekkert fjármagn væri til staðar fyrir vorið.

Fulltrúar sveitarfélagsins óskuðu eftir að tekin væri afstaða til þess að Súðavíkurbreppur myndi bera kostnað, ef sett yrði niður nýtt grindarhlið við þorpsmörkin, án þess að fjarlægja grindarhliðið hjá Dvergasteini.

Rætt var á fundinum að skilvirkast væri að fara í miklar endurbætur á gömlu girðingunni sem gengur upp í fjallshlíð fyrir vorið svo hún haldi fé fyrir innan girðingar, utan þorpsmarka. Slík aðgerð væri samt einungis tímabundin aðgerð, á meðan annað væri ákveðið.

Nefndin leggur til að einstaklingur verði ráðin í endurbætur á girðingunni sem liggur upp hjá Dvergasteini upp í fjall, svo hún verði fjárheld fyrir sumrarið 2019.

5. Umræða um gatnaviðgerðir í sumarbyggð Súðavíkur. Sveitarstóra falið að leita verða og lausna vegna viðgerða í götum sumarbyggðarinnar og leggja fyrir nefndina á næsta fundi.
6. Rætt um viðhaldsverkefni á Súðavíkurskóla fyrir árið 2019. Farið verður í viðgerðir á þaki þar sem ryð er farið myndast og ágerast í samskeytum. Þakkrennur verða lagðar þar vantar, skipt út þar sem þarf og gert við það hægt er að gera við. Farið verður í breytingar á glugga í sal skólans.
7. Sveitarstóra falið að hefja vinnuna og kynna á næsta fundi nefndarinnar.
8. Nefndin felur sveitarstjóra að senda Ísafjarðarhöfnum bréf og ósk eftir fundi varðandi málefnið.
9. Nefndin leggur til að farið verði í átak í eyðingu í lúpínu vor í samráði við NAVE sem boðað hefur svipað átak.
10. Nefndin leggur til að hreinsað verði til á geymslusvæðinu, frestur verði gefin til 1. mars fyrir þá sem ekki greiða leigu fyrir geymslusvæði, að fjarlægja eigur sínar.
11. Frestað til næsta fundar.
12. Engin önnur mál.

Fundi slitið 20:22

Sign

Valgeir Scott

Hulda Gunnarsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Samúel Kristjánsson  
formaður

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 20: 22